

Mál nr 11/2012

Ár 2013, mánudaginn 18. mars, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr.11/2012

X

gegn

Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda (X) sem barst siðanefnd 18. desember 2012 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða (Y) hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ með því að para tíkina XX við rakkann ZZ án þess að tíkin hefði náð tilskildum lágmarksaldri við þörun. Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 19. desember og henni gefinn frestur til 16. janúar til að skila inn andmælum. Hinn 15. janúar móttók siðanefnd andsvar með tölvupósti og var afrit af því sent kæranda til umsagnar. Kærandi svaraði ekki efnislega en óskaði eftir því að haldið yrði áfram með málið. Þar eð siðanefnd taldi að öll sjónarmið er máli skiptu væru fram komin ákvað hún að taka málið til úrskurðar.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt þörunarvottorði dagsettu 20. febrúar 2012 var tíkin XX sem er í eigu kærðu þöruð við rakkann ZZ. Hundarnir eru af hundakyninu Þýskur fjárhundur. Við þörunina var tíkin 22 og hálfmánaða gömul og hafði því ekki náð tilskildum lágmarksaldri sem grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ kveða á um og telur kærandi að kærða hafi gerst brotleg við þær reglur. Kærða játaði skýlaust brot sitt. Hún kvað tíkina hafa lóðað fyrr en áætlað hafi verið og þar eð hún var með rakkann til láns frá Noregi og ætlunin hafi verið að hann yrði héraðs aðeins í 1 ár þá hafi hún hafi ekki viljað taka áhættuna að bíða með að para hann við tíkina þó svo að hún hafi verið of ung. Kærða bendir á að þetta sé hennar fyrsta brot vonandi það síðasta.

III. Forsendur.

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn. Og samkvæmt grein 3.3 í grundvallarreglum félagsins ber félagsmanni að:

„Para ekki tík fyrir tveggja ára aldur (taka mið af þeim aldri er viðkomandi sérdeild mælir með).“

Óumdeilt er að á þeim tíma sem pörunin átti sér stað var tíkin undir þeim aldri sem reglur kveða á um. Það er alfarið á ábyrgð eiganda að tíkur parist ekki fyrir en þær hafi náð tilskildum lágmarksaldri. Kærða paraði tíkina af ásetningi þrátt fyrir of ungan aldur vegna sérstakra aðstæðna sem hún var í, en hún taldi sig ekki hafa aðgang að rakkanum nema tímabundið og ef hún biði með tíkina fram að næsta lóðaríi, þá yrði það hugsanlega orðið of seint. Með ásetningi sínum hefur kærða gerst brotleg við grein 3.3 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ, reglur sem settar eru með dýravernd að leiðarljósi. Við mat á viðurlögum skal þó litið til þess að kærða hefur ekki áður svo vitað sé gerst brotleg við reglurnar og jafnframt vonast til að það muni aldrei gerast aftur.

IV. Niðurstaða.

Kærða Y telst vera brotleg við grein 3.3 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærða Y er áminnt.

Sign; Guðríður Valgeirsdóttir, Hilmar Sigurgíslason, Kristín Sveinbjarnardóttir